

Spörum ekki í öryggismálum

Núna þegar þjóðin stendur frammi fyrir efnahagsþrengingum sem hafa áhrif á allt samfélagið er mikilvægt að huga að öllum þáttum sem snerta velferð fólks, þar með talið eru öryggismál.

Slysavarnaráð hvetur forsvarsmenn stofnana og fyrirtækja, sem og stjórnámamenn, til að spara ekki þegar öryggi starfsmanna, og landsmanna í heild, er í húfi.

Ráðið leggur áherslu á að áfram verði sinnt nauðsynlegu og eðlilegu viðhaldi á öllum öryggisþáttum og öryggisbúnaði. Landsmenn hafa ekki efni á því að slysatiðni aukist og allra síst að slysin verði alvarlegri. Heilsan er okkar dýrmætasta eign og ef við tryggjum hana eins vel og hægt er, þá tryggjum við velferð okkar.

Árið 2007 voru **38.901 slys** skráð í Slysaskrá Íslands og má ætla að kostnaður vegna þeirra sé um 30 - 40 milljarðar króna.

Draga má verulega úr slysum og slysaþættu með öflugri fræðslu um slysavarnir, öryggisbúnaði í bifreiðum, tækjum og vélum, brunavörnum, varúðarráðstöfunum vegna meðhöndlunar, geymslu og flutnings á hættulegum efnum, öryggismerkingum í byggingum og aflokun hættulegra staða, s.s. svæða þar sem framkvæmdir standa yfir.

Vinum öll saman að öryggi og velferð landsmanna,

Lýðheilsustöð

slysavarnaráð

Brynjólfur Mogensen, formaður, Landspítali

Birna Hreiðarsdóttir, samgönguráðuneyti

Eyrún Jónsdóttir, Landspítali

Jón Ólafsson, Samtök fjármálafyrirtækja

Kristinn Tómasson, Vinnueftirlitið

Sigrún Þorsteinsdóttir, Slysavarnafélagið Landsbjörg

Svanhildur Þorsteinsdóttir, Landlæknisembættið